

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og fyrir liggur yfirlýsing sveitarstjórnar Innri-Akraneshrepps um að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

21. júlí 1999

Nr. 531

SAMÞYKKT

um hundahald á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Almennt ákvæði.

Hundahald á Seltjarnarnesi sætir þeim takmörkunum sem kveðið er á um í samþykkt þessari.

2. gr.

Skráningarskylda.

Skylt er að skrá hund á bæjarskrifstofu Seltjarnarness á þar til gerðum eyðublöðum, eigi síðar en mánuði eftir að hann er tekinn á heimili og hvolpa eigi síðar en þeir verða sex mánaða gamlir. Mynd af hundinum og vottorð dýralæknis um að hundur hafi verið ormahreinsaður og örmerktur, skulu fylgja umsókn um skráningu. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að hundar skuli örmerktir.

Hund skal skrá á nafn og heimilisfang lögráða einstaklings.

Dveljist hundur tímabundið á Seltjarnarnesi skal skrá hann til bráðabirgða, en slík skráning skal ekki gilda lengur en í 6 mánuði.

Skráning er háð því að hundur raski eigi ró íbúa bæjarins og sé hvorki þeim né öðrum sem um bæinn fara til óþæginda með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu. Við skráningu hunda getur heilbrigðiseftirlitið leitað umsagnar lögreglu telji hún ástæðu til.

Hundaeiganda ber að tilkynna skrifstofu bæjarins um aðsetursskipti og ef hundurinn drepst. Við aðseturskipti skal afla samþykkis nágranna sbr. 5. gr. þessarar samþykktar. Við eigendaskipti skal skrá hund á nafn nýs eiganda.

Við skráningu fær eigandi afhent þar til gert merki með skráningarnúmeri sem jafnan skal vera á hálsól hundsins.

3. gr.

Gjald fyrir hundahald.

Hundaeigendur skulu árlega greiða bæjarsjóði gjald til að standa straum af skráningu og eftirliti með hundahaldi. Sá sem á fleiri en einn hund skal greiða gjald af hverjum hundi fyrir sig. Bæjarstjórn ákveður, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, upphæð gjaldsins, og nánara fyrirkomulag gjaltdöku, í sérstakri gjaldskrá. Ábyrgðartrygging skal vera innifalin í árlegu gjaldi. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Bæjarstjórn lætur birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Almennt um skyldur hundaeigenda.

Hundaeiganda ber að sjá til þess að hundur hans sæti ekki illri meðferð.

Hundur skal að jafnaði hýstur á þeim stað þar sem hann er skráður. Óheimilt er að halda hund þar sem enginn býr.

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund/hunda sína á tryggilegan hátt.

Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-desember ár hvert. Fylgja ber ákvæðum reglugerðar um varnir gegn sullaveiki við hreinsun þeirra. Framvísa skal vottorði um hreinsun við hundaeftirlitsmann fyrir 1. desember ár hvert. Vanræksla á að láta hreinsa hund eða skila hreinsunarovottorði leiðir til þess að leyfi til að halda téðan hund fellur úr gildi.

Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á skólalóðir og inn í skóla, samkomuhús, sundstaði, barnaleikvelli, matvöruverslanir eða aðra opinbera staði þar sem matvæli eru höfð um hönd. Um aðrar takmarkanir á aðgengi hunda gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar og reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matmæla. Heilbrigðisnefnd veitir undanþágu frá ofangreindum skilyrðum að uppfylltum skilyrðum.

5. gr.

Hundahald í fjöleignarhúsum.

Um hundahald í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

6. gr.

Eftirlit með hundahaldi.

Eftirlitsmaður með dýrum á Seltjarnarnesi annast eftirlit með hundahaldi á Seltjarnarnesi undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Hann skal halda dagbók um vinnu sína og gefa bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald á Seltjarnarnesi og starf sitt, vegna þess. Dýraeftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur.

7. gr.

Heimild til að handsama og aflífa hunda.

Hunda, sem ganga lausir á almannafæri, er dýraeftirlitsmanni heimilt að handsama og færa í sérstaka hundageymslu sem hefur starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um óleyfilega hunda og hættulega hunda.

Sé skráður hundur handsamaður skal tilkynna eiganda strax um handsömun hans og hvað vanræksla á að vitja um hundinn getur haft í för með sér. Hafi óskráður hundur verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að skráningu lokinni og þegar gjald fyrir handsamaðan hund hefur verið greitt. Sé hunds eigi vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða hann aflífaður.

Hafi eigandi ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hundur hans sé ávallt mýldur utan heimilis síns. Hafi hundur bitið mann, og/eða er hættulegur, getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðisfulltrúa tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður þegar í stað. Óski hundeigandi þess er heimilt að leita álits héraðsdýralæknis, áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

Kostnaður við handsömun, geymslu og aflífun hunda skal að fullu greiddur af eigendum, samkvæmt gildandi gjaldskrá þar að lútandi, sbr. 3. gr.

8. gr.

Heimild til að afturkalla leyfi til hundahalds.

Sé um alvarlegt eða ítrekað brot á samþykkt þessari að ræða, getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðisfulltrúa, afturkallað skráningu fyrir einstökum hundum og bannað viðkomandi eiganda að vera með hund á Seltjarnarnesi um lengri eða skemmri tíma.

9. gr.

Takmörkun á hundahaldi.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, ákveðið að veita ekki heimild til hundahalds fyrir ákveðnum hundategundum sem taldar eru hættulegar.

Bæjarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda. Einnig getur bæjarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem má sleppa hundum lausum. Svæði þessi skulu auglýst og kynnt sérstaklega fyrir hundaeigendum.

Um aðrar takmarkanir á aðgengi hunda gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum og reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, með síðari breytingum.

10. gr.

Málskot.

Ákvörðunum samkvæmt samþykkt þessari er heimilt að skjóta til heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Að öðru leyti fer um málskot samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Viðurlög.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem opinbert mál.

12. gr.

Gildistaka.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness, sem sett er að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 21. júlí 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 273/1969 um starfssvið
og starfshætti eiturefnanefndar.**

1. gr.

Reglugerð nr. 273/1969 um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar er felld úr gildi.